

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 18. júlí 2019
UST201905-351/F.T.
08.03

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 28. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Sveitarfélagið Hornafjörð þar sem rekstraraðili hafði ekki skilað grænu bókhaldi skv. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Græna bókhaldið var endurskoðað af KPMG ehf. en við endurskoðunina voru settir ýmsir fyrirvarar. Stofnunin áréttar að þær upplýsingar sem vantar í bókhald þessa árs, verða að koma fram í bókhaldi næsta árs.

Umhverfisstofnun hafa borist framangreind gögn og telst málinu lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur